

Ráðuneyti viðskipta, menningar og ferðamála
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „SÍK“), vísa til máls nr. 220/2021 sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 22. nóvember sl., þar sem kynnt eru til umsagnar drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð. Fram kemur í umfjöllun um málið að með tilkomu kvikmyndastefnu stjórnvalda ásamt örum breytingum í kvikmyndagerð síðastliðinn áratug sé þörf á nýrri reglugerð sem muni auka gagnsæi við úrvinnslu umsókna. Markmið reglugerðarinnar er að skýra frekar réttindi umsækjanda og skyldur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (KMÍ) við styrkveitingu til kvikmyndagerðar og verkefna á sviði kvikmyndamenningar.

Almennt

SI og SÍK fagna því að stjórnvöld leitast eftir því að skýra verklag við úrvinnslu umsókna í Kvikmyndasjóð og skerpa þannig annars vegar á réttindum umsækjanda og hins vegar skyldum KMÍ. Slíkt er til þess fallið að auka fyrirsjáanleika, samræmi, jafnræði milli umsækjanda og vandaða úrvinnslu umsókna. Líkt og fram kemur í 1. gr. draganna er hlutverk KMÍ að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi og er þannig falin umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs. Það skiptir því sköpum að framkvæmd og ákvarðanir KMÍ séu teknar í góðu samráði við greinina í heild sinni og með hagsmuni hennar að leiðarljósi.

Að mati SÍK hefur þessu verið ábótavant, þá sérstaklega með tilliti til gagnsæis, upplýsingagjafar og tímalengdar við úrvinnslu umsókna. Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í miklum blóma og vaxið gríðarlega undanfarin ár og stefnir nú í annað stærsta framleiðsluár í sögu greinarinnar hér á landi. SÍK fagnar því að stjórnvöld sýni vilja í verki og leggi fram drög að reglugerð sem tekur mið af breytingum í greininni en áréttar jafnframt að ótækt sé að KMÍ eflist ekki í takt við vöxt greinarinnar. Dæmi eru um að úrlausn umsókna tefjist um of vegna manneklu og myndi þannig flöskuháls í umsóknarferlinu. Að mati SÍK er mikilvægt að KMÍ, sem rekstraraðili Kvikmyndasjóðs, sé með burði til þess að anna þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni og auka þannig skilvirkni sjóðsins. Þegar litið er til draganna í heild sinni telur SÍK að þar sé að finna jákvæðar umbætur á útfærslu á skyldum og réttindum umsækjanda í Kvikmyndasjóð en gerir athugasemd við að KMÍ, sem rekstraraðila Kvikmyndasjóðs, er eftirlátið mat á ýmsum atriðum sem krefjast nánari skýringa og útfærslu til þess að markmiði um gagnsæi og samræmingu verði náð. Nánar verður fjallað um einstök atriði hér í framhaldi.

Kvikmyndaráðgjafar og mat á umsóknum

Í 6. gr. er að finna lýsingu á hlutverki kvikmyndaráðgjafa, kemur þar m.a. fram að kvikmyndaráðgjafa er eftirlátið „listrænt mat“ á styrkumsóknum. SÍK gerir athugasemd við orðalagið „listrænt mat“ og telur það óskilgreint og ógagnsætt. Hætta er á að slíkt orðalag leiði til þess að nálgun

kvikmyndaráðgjafa verði háð persónulegu mati hans. Líta þarf til fleiri atriða við mat á umsóknum, svo sem fjölbreytileika, eftirspurnar, aðsóknar, þ.e. líkinda til vinsælda og velgengni. SÍK leggur til að 1. mgr. 6. gr. hljóði svo: *“Við mat á styrkumsókn ber kvikmyndaráðgjafa að líta til ýmissa þátta, m.a. menningarlegs og faglegs gildis kvikmyndaverkefnis, hvort það eigi erindi til almennings m.t.t. fjölbreyttra áhorfendahópa og hvort það sé líklegt til velgengni.”* Í 6. gr. er að finna nýmæli um tímabundin og geti verið að hámarki sex ár. Útfærslan er til þess fallin að auka traust og fagmennsku og tryggja greiða endurnýjun kvikmyndaráðgjafa. Í því samhengi vill SÍK nýta tækifærið og hvetja til þess að leitast verði jafnframt eftir að ráða erlenda kvikmyndaráðgjafa innan EES svæðisins SÍK leggur áherslu á að mat kvikmyndaráðgjafa verði skriflegt og á stöðluðu formi. Að mati SÍK myndi slíkt fyrirkomulag auka gagnsæi fyrir umsækjanda og vera hvatning fyrir KMÍ til samræmdra og faglegra vinnubragða. Í ljósi þess að mat kvikmyndaráðgjafa inniheldur tillögu um synjun eða veitingu styrks er gríðarlega mikilvægt að vandað sé til verka, að samræmis sé gætt og að rökstuðningur mats sé fullnægjandi.

Handritsstyrkir

Í 7. gr. er fjallað um veitingu handritsstyrkja. SÍK kallar eftir því að tímafrestir verði tilgreindir við úrvinnslu handritsstyrkja úr Kvikmyndasjóði. Að mati SÍK eru slíkar umsóknir einfaldar í eðli sínu og ekki tímafreakar. Að setja tímafrest á vinnslu slíkra umsókna leiðir til aukins fyrirsjáanleika fyrir umsækjendur.

Þá leggur SÍK til að umsóknir um handritsstyrki verði nafnlausar. Ástæða þessa er smæð íslenska markaðarins og nálægð innan greinarinnar. Með því að hafa umsóknir um handritsstyrki nafnlausar væri jafnræði meðal umsækjenda tryggt og þannig spornað við geðþóttaákvörðunum.

Þróunarstyrkir

Í 8. gr. er fjallað um styrki til þróunar handrits og frekari fjármögnunar kvikmyndar. SÍK leggur áherslu á að allir framleiðendur eigi kost á að sækja um þróunarstyrk. Þá gerir SÍK athugasemd við að þróunarstyrkurinn verði bundinn við álit um frekari þróun verksins, orðalag ákvæðisins er óljóst og ekki til þess fallið að auka gagnsæi. SÍK leggur til að ákvæðið verði fellt brott. Að lokum vill SÍK undirstrika mikilvægi þess að fjárhæð þróunarstyrkja hækki almennt í samræmi við verðþróun og að styrkurinn skuli ekki dreginn frá framleiðsluvilyrði.

Framleiðslustyrkir

Í 9. gr. er að finna umfjöllun um úthlutun framleiðslustyrkja. Að mati SÍK er jákvætt að þar sé að finna umfjöllun um nánari útfærslu á réttindunum og skyldum umsækjanda. Þar er einnig að finna nýmæli um að skilyrði fyrir úthlutun til leikinna kvikmynda í fullri lengd er að kvikmynd sé ætluð til sýningar í kvikmyndahúsi og/eða fjölmiðlaveitu. SÍK telur það jákvætt skref að fjölmiðlaveitur séu sérstaklega tilteknar enda í samræmi við öra tækniþróun í greininni. SÍK vill jafnframt benda á að stíga þurfi varlega til jarðar hvað varðar kvikmyndahúsin og meta þurfi áhrif þess að leiknar kvikmyndir verði einungis sýndar hjá fjölmiðlaveitu.

SÍK gerir athugasemd við að felldur hafi verið brott 3. tl. 1. mgr. 8. gr. nógildandi reglugerðar er kveður á um heimild forstöðumanns KMÍ til veitingar framleiðslustyrks hafi leikstjóri eða framleiðandi fullgert eina leikna kvikmynd í fullri lengd og fjármögnum lokið. SÍK leggur áherslu á mikilvægi þess að sambærilegt ákvæði verði að finna í nýrri reglugerð en slíkt tryggir fjölbreytileika í kvikmyndagerð og greiðir leið reynds framleiðanda að fjármögnun kvikmyndar óháð listrænni umsögn kvikmyndaráðgjafa. Ákvæðið, einnig þekkt sem 40/60 reglan, getur í sumum tilvikum verið afarkostur framleiðanda til þess að tryggja fjármögnun hafi hann fengið synjun vegna annarra styrkja Kvikmyndasjóðs. Má í því samhengi nefna þó nokkrar farsælar kvikmyndir sem höfuð fengið synjun



vegna umsóknar í aðra styrki Kvikmyndasjóðs á síðast liðnu ári en var kleift að ljúka framleiðslu með vísan í styrkveitingu 3. tl. 1. mgr. 8. gr. núgildandi reglugerðar. SÍK áréttar mikilvægi þess að sambærilegt ákvæði verði sett inn í drögin og leggur jafnframt til að fjárhæðin verði hækkuð í 60 milljónir með tilliti til verðlagsþróunar.

Umsóknargögn

11. gr. fjallar um hvaða skilyrði umsækjandi þarf að uppfylla við umsóknarferli, þ.e. umsóknargögn og kostnaðaráætlun. Í 2. mgr. 11 gr. er tiltekið að skriflegir samningar þurfi að liggja fyrir og þar á meðal eru skriflegir samningar við tónhöfunda. Að mati SÍK er óraunhæft að uppfylla ofangreint skilyrði með tilliti til vinnsluferils verka og með öllu ótímabær krafa. SÍK leggur til að orðið „tónhöfundar“ verði felld brott.

Málsmeðferð við mat á umsóknum

Í 12. gr. er að finna umfjöllun um málsmeðferð við mat á umsóknum og þar eru skyldur og réttindi umsækjanda ítarlega skilgreind. SÍK gagnrýnir að hvergi eru tilgreindir tímafrestir er lúta að KMÍ við úrvinnslu umsókna og ákvörðunartöku. Í því samhengi vill SÍK áréttar að KMÍ sem úrvinnsluaðili umsókna Kvikmyndasjóðs er bundin við meginreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/993 um málshraða en borið hefur á því að úrvinnsla umsókna hafi dregist um of með tilheyrandi óvissu og, á stundum, aukins kostnaðar fyrir umsækjanda. SÍK áréttar jafnframt að KMÍ er bundið meginreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um upplýsingaskyldu en borið hefur á því í framkvæmd að tefjist úrvinnsla umsóknar um of hafi fyrirfarist að upplýsa umsækjanda. SÍK leggur til að tilgreindur verði átta vikna tímafrestur KMÍ til mats og úrvinnslu á umsóknum, að viðbættum tveggja vikna viðbótarfresti vegna athugasemda KMÍ.

Styrkir vegna tilraunamynda, sprotaverkefna og annarra listrænna kvikmyndaverkefna

SÍK leggur áherslu á að heimilt sé að veita styrki til tilraunamynda og sprotaverkefna til framleiðenda óháð reynslu og fyrri verkefnum, þ.e. að óreyndir sem og reyndir umsækjendur eigi þess kost að hljóta styrk.

Lokaorð

Að öllu framansögðu er það ósk SÍK að ofangreindar tillögur verði teknar til greina. Kvikmyndasjóður gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í greininni og mikilvægt er að vandað sé til verka þannig að sjóðurinn verði sem skilvirkastur fyrir greinina í heild sinni. SÍK gerir að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Virðingarfyllst,

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins